



## Reglur

### um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar,- íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

#### 2. gr.

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) eru fasteignaeigendur í Stykkishólmi.
- b) reka starfsemi sína í húsnaðinu sbr. 1. gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 3. gr.
- c) starfsemin skal vera á sviði menningar, íþróttá, tómstunda eða mannúðarstarfa og/eða góðgerðarmála sem er rekin í almannáþágu eða í þágu æskulýðs.
- d) um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginstefnu að vera unnin í sjálfböðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið.
- e) njóti starfsemin annarra rekstrarstyrkja frá Stykkishólmsbæ eða ígildi þeirra, skal tekið tillit til þess við úthlutun styrkja til greiðslu fasteignaskatts.
- f) starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnaðisins sbrs. þó 3. gr. reglna þessara.

#### 3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að álögdum fasteignaskatti.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. og 2. gr. jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði og skal þá leggja og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnaðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því svarar.

Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

#### 4. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela bæjarritara fullnaðarafgreiðslu mála skv. reglum þessum á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 52. gr. samþykktar um stjórn



og fundarsköp Stykkishólmsbæjar nr. 731/2013. Heimilt er bæjarritara að vísa álitamálum til bæjarráðs.

Aðila er heimilt að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

5. gr.

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu Stykkishólmsbæjar. Með umsókn um styrki skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs, lög félagsins þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemina.

6. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar endurskoðar þessar reglur í desember ár hvert.

*Samþykkt í bæjarráði Stykkishólmsbæjar dags. 1. júní 2017*

*Samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar dags. 22. júní 2017*